

Námsvísir 2023-2024

9. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari/kennarar: Ágústa S. Jónsdóttir og

Sigríður Silja Sigurjónsdóttir



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu viðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni. Unnið er eftir hæfniviðmiðum og lykilhæfni sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla og má nálgast hér: <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafla-25>

Kennsluaðferð / vinnulag

Kennt verður í 4 vikna lotum og er markmiðið að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða í samsettum námshópum. Lögð er áhersla á sjálfstæði, samvinnu og seiglu. Notast er við Teams og eru námsáætlanir og námsgögn aðgengileg þar. Kennarar styðjast við kennslumyndbönd, töflukennslu og fleiri aðferðir þegar farið er yfir nýja efnisþætti, aðferðir og útskýringar. Í lok hverrar lotu er lagt fyrir verkefni sem ætlað er að leggja mat á færni nemenda. Þá er stuðst við leiðsagnarmat þar sem nemendur fá endurgjöf að lotu lokinni og geta nýtt hana við vinnu í næstu lotu.

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og byggir á viðfangsefni hverrar lotu út frá hæfniviðmiðum. Kennari metur m.a. þátttöku í tíma, framistöðu á verkefnum sem lögð eru fyrir í hverrar lotu. Námsmatsskjali er deilt með nemendum, foreldrum og forráðamönnum þar sem hægt er að fylgjast með framvindu út skólaárið.

Námsgögn

Skali 2A, Skali 2B, Almenn stærðfræði og efni af vef.